

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 26. september 2008 í máli nr. E-3514/2007:

**Pétur Þór Sigurðsson**

*(Andri Árnason hrl.)*

**gegn**

**íslenska ríkinu**

*(Einar K. Hallvarðsson hrl.)*

Mál þetta var höfðað 24. apríl 2007 og dómtekið 2. þ.m.

Stefnandi er Pétur Þór Sigurðsson, Klyfjaseli 18, Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 42.500.823 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 10. apríl 2003 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Með úrskurði þessa dóms 30. janúar 2008 var málinu vísað frá dómi og með því fallist á upphaflega aðalkröfu stefnda. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar sem felldi hann úr gildi með dómi sínum 4. mars 2008 (mál nr. 104/2008) og lagði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Með dómi Hæstaréttar Íslands 25. apríl 1997 í máli nr. 210/1996 var Landsbanki Íslands sýknaður af kröfu stefnanda um skaðabætur að fjárhæð 8.746.319 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. október 1992 til greiðsludags auk málskostnaðar vegna tjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir vegna saknæmrar háttsemi starfsmanns bankans. Einnig var stefnandi dæmdur til að greiða Landsbanka Íslands 200.000 krónur í málskostnað. Með dóminum var staðfestur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 30. maí 2006. Tveir dómáramur af fimm skiluðu sératkvæði. Þeir töldu að taka bæri kröfu áfrýjanda til greina en þó þannig að krafan bæri dráttarvexti frá 30. ágúst 1993 er mánuður

hefði verið liðinn frá því áfrýjandi beindi rökstuddri kröfu að stefnda um greiðslu bótafjárhæðarinnar. Þá töldu þeir að dæma bæri stefnda í málinu til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 9. júní 1997 óskaði stefnandi eftir því við Hæstarétt að dómur í framan greindu máli yrði felldur úr gildi vegna vanhæfis eins dómars, sem skipað hafði meirihlutann í málinu, byggðu á fjárhagslegum tengslum hans við Landsbanka Íslands. Í niðurstöðu réttarins töldust þau tengsl ekki upplýst. Lægi því ekki fyrir að umræddur dómari hefði verið vanhæfur; lagaskilyrði væru því ekki til að verða við beiðni um endurupptöku málsins og var henni hafnað.

Hinn 23. október 1997 leitaði stefnandi á ný eftir endurupptöku málsins. Taldi hann að veruleg fjárhagsleg tengsl milli maka dómars og Landsbanka Íslands renndu stöðum undir vanhæfi hans. Þessari beiðni stefnanda var hafnað 19. nóvember 1997 með vísun til þess að samkvæmt 2. mgr. 169. gr. laga nr. 91/1991 gæti aðili ekki sótt nema einu sinni um endurupptöku máls samkvæmt 1. mgr. sömu lagagrein.

Hinn 23. október 1997 lagði stefnandi fram kæru fyrir mannréttindanefnd Evrópu þar sem hann taldi skipan dómsins í framangreindu máli hafa falið í sér brot á 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Með ákvörðun 14. júní 2001 var því slegið föstu að kæran væri tæk til meðferðar.

Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í málinu féll 10. apríl 2003. Í álitni dómsins segir m.a.: „Dómstóllinn telur að það sé fyrst og fremst óhlutdrægnikrafan sem til umfjöllunar er í þessu máli...Spurningunni um hvort óhlutdrægni samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans sé fyrir hendi ber bæði að svara á huglægum grundvelli, þ.e. á grundvelli persónulegrar sannfæringar dómara í tilteknu máli, og á hlutlægum grundvelli, þ.e. með athugun á hvort aðstæður hafi verið þannig að útiloka megi að óhlutdrægni dómars verði með réttu dregin í efa...Samkvæmt hinu hlutlæga viðmiði verður að ákvarða, án nokkurs tillits til gerða dómars, hvort fyrir hendi séu atvik sem kunna að vekja vafa um óhlutdrægni hans. Í þessu efni kann ásýndin ein jafnvel að öðlast nokkuð mikilvægi. Það, sem hér er í húfi, er það traust sem dómstólar í lýðræðisþjóðfélagi verða að vekja meðal almennings. Þess vegna verður hver sá dómari, sem með réttu er unnt að óttast að ekki sé óhlutdrægur, að víkja sæti... leit að minnsta kosti svo út að tengsl væru milli ráðstafana Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttardómara í þágu eiginmanns síns og þess hagræðis sem Landsbankinn veitti honum. Dómstóllinn mun ekki hafa uppi getgátur um hvort hún naut af þessu einhvers persónulegs hags, og telur enga ástæðu til að ætla að annað hvort hún sjálf eða eiginmaður hennar hafi átt einhverja beina hagsmuni af úrslitum máls kæranda og Landsbankans. Aftur á móti voru þáttur dómars í skuldaskilunum, það hagræði sem eiginmaður hennar naut og tengsl hans við Landsbankann þannig að eðli og umfangi, og það nálægt athugun Hæstaréttar á máli kæranda í tíma, að kærandi gat með réttu óttast að Hæstarétt skorti þá óhlutdrægni sem krafist er.“ Í forsendum dómsins varðandi tjón segir: „Kærandi krafðist skaðabóta fyrir fjárhagslegt tjón er hann hefði orðið fyrir vegna þess að hann tapaði máli sínu fyrir Hæstarétti hinn 25. apríl 1997, þar sem dæmt var bankanum í vil með þremur atkvæðum gegn tveimur, og þar sem eitt meirihlutaatkvæðanna var atkvæði Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttardómara. Krafðist kærandi kr. 41.010.259, og myndaði aðalkrafa hans í því máli, kr. 8.746.319, þá fjárhæð ásamt áföllnum dráttarvöxtum. Hann lagði áherslu á að

orsakasamhengi væri milli þess að Hæstiréttur hefði ekki sinnt máli hans sem sjálfstæður og óhlutdrægur dómstóll og þess að rétturinn hefði hafnað kröfu hans. Kærandi fór einnig fram á að dómstóllinn ákvarðaði honum miskabætur vegna vonbrigða, þjáninga og mannorðsspjalla sem hann hefði orðið fyrir af brotinu. Krafðist hann bóta að mati dómstólsins sem ekki væru lægri en 40 milljónir króna... Dómstóllinn telur að sanngjarnar bætur verði aðeins ákvarðaðar á þeirri forsendu að kærandi naut ekki allra reglna 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Dómstólnum er ókleift að leiða getum að úrslitum máls kæranda ef svo hefði verið. Dómstóllinn telur þó að kærandi hafi liðið þjáningar af völdum þess sem talið er fela í sér brot gegn sáttmálanum og verði það ekki nægilega bætt með þeirri ákvörðun að brot hafi átt sér stað...“ Í dómsorðum var kröfu stefnanda (kæranda) um bætur fyrir fjártjón vísað frá dómi en jafnframt var kveðið á um að íslenska ríkinu bæri að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð 25.000 evrur auk 15. 000 evra í kostnað og útgjöld. Einnig var kveðið á um að ríkið skyldi greiða stefnanda þann skatt sem kynni að vera lagður á ofangreindar greiðslur.

Dómarar Mannréttindadómstóls Evrópu, sjö að tölu, voru einhuga um framangreindar dómsniðurstöður að því undanskildu að einn dómariinn skilaði sératkvæði með eftirfarandi meginrökum: „Ég hef greitt atkvæði gegn því að veita kæranda miskabætur að fjárhæð 25.000 evrur þar sem ég álít þá fjárhæð augljóslega fram úr hófi með hliðsjón af fordæmum dómstólsins.“ Þá gerðu tveir dómenda sérstaka grein fyrir samþykktaratkvæðum sínum. Í séráliti annars þeirra, sem hinn lýsti sig sammála með nokkrum viðbótarskýringum, segir: „Svo kann að virðast að miskabætur þær, sem dæmdar eru í máli þessu, séu fremur háar. Ég hef engu að síður greitt atkvæði mitt með meirihlutanum fyrir greiðslu þeirra bóta af ástæðum sem rétt er að séu skýrðar. Þegar hagar til eins og í þessu máli, þegar dómstóll heimalandsins sker úr ágreiningi með meiri hluta þriggja gegn tveimur og brot virðist hafa verið framið gegn 1. mgr. 6. gr. vegna þess að einn dómara hefur skort óhlutdrægni – eða svo lítur a.m.k. út fyrir -, virðist endurupptaka innan lands vera eðlileg eða jafnvel sjálfsögð í kjölfar slíks dóms. Ráðherra nefndin hefur hvatt öll aðildarríki til að fella inn í landslög sín ákvæði um möguleika á endurupptöku mála ef Mannréttindadómstóll Evrópu hefur álitnið að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 6. gr., sérstaklega þegar „brotið byggist á réttarfarslegum mistökum eða ágöllum sem eru svo alvarlegs eðlis að verulegur vafi er fyrir hendi um úrslit þeirra málaferla í heimalandinu sem kvartað er um“ (sjá Tilmæli ráðherra nefndar til aðildarríkja nr. R(2000)2 um endurskoðun eða endurupptöku dómsmála heima fyrir í kjölfar dóma Mannréttindadómstóls Evrópu, samþykkt 19. janúar 2000). Ég tel að þessu máli sé þannig farið. Kærandi hefur þegar, án árangurs, beðið um endurupptöku málsins og íslensk lög gera að því er virðist ekki ráð fyrir neinum frekari möguleikum á endurupptöku...Ef nýjar ástæður til endurupptöku koma til í kjölfar dóms Mannréttindadómstólsins ætti viðeigandi endurupptökutilhögun alltaf að vera fyrir hendi. Þar sem þessi leið er, að því er virðist, lokuð samkvæmt íslenskum lögum og langt kann að vera þangað til Ísland breytir landslögum sínum, verður hér ekki einungis að taka tillit til þess langa tíma sem líða kann heldur einnig til þess að kærandi fær ef til vill aldrei mál sitt endurupptekið...“

Stefnandi tók við umræddum miskabótum, ásamt dæmdum kostnaði vegna reksturs málsins fyrir Mannréttindadómstólnum, úr hendi íslenska ríkisins í ágúst mánuði 2003. Í bréfi sínu til ríkislögmanns 20. ágúst 2003 gerði hann þann fyrirvara að þrátt fyrir móttöku greiðslunnar gerði hann „eftir sem áður þá kröfu á hendur íslenska ríkinu að gripið (yrði) til sértækra ráðstafana til að bæta úr brotinu

gagnvart (sér) og rétta hlut (sinn) “.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 15. september 2005, til fastanefndar Íslands hjá Evrópuráðinu fylgdi yfirlit yfir þær aðgerðir sem íslensk stjórnvöld hefðu gripið til í því skyni að fullnægja dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli stefnanda þessa máls. Dómurinn hafi verið þýddur og birtur á heimasíðu ráðuneytisins. Ekki væri ljóst hver afstaða Hæstaréttar yrði til beiðni stefnanda um endurupptöku málsins, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 169. greinar laga nr. 91/1991, þar sem ekki hefði áður reynt á endurupptöku máls fyrir Hæstarétti í kjölfar þess að Mannréttindadómstóll Evrópu hefði slegið föstu broti gegn mannréttindasáttmálanum. Þá var vísað til þess að dómsmálaráðuneytið hefði með bréfi, dags. 18. júlí 2005, farið þess á leit við réttarforsnefnd að hún léti í té álit sitt á því hvort ákvæði XXV. kafla laga nr. 91/1991, að því er varðar heimildir til endurupptöku mála, ættu að sæta endurskoðun, meðal annars að teknu tilliti til dóms mannréttindadómstólsins í máli stefnanda og tilmæla ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(2000)2 um endurupptöku mála að landsrétti í kjölfar dómsuppkvaðninga mannréttindadómstólsins. Í því bréfi, sem hér var getið, er vísað til þess að með bréfi, dags. 18. október 2004, hefði fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu greint frá því að ráðherranefnd Evrópuráðsins hefði ekki lokað máli stefnanda. Bréfinu hefði fylgt fyrirspurn frá mannréttindaskrifstofu Evrópuráðsins, dags. 12. ágúst 2004, þar sem fram kæmi sú afstaða að málinu yrði best lokið með endurupptöku þess fyrir Hæstarétti.

Hinn 7. júlí 2006 fór stefnandi þess á leit að dómur í framangreindu máli yrði felldur úr gildi og það tekið til meðferðar að nýju fyrir Hæstarétti. Samkvæmt endurriti úr gerðabók Hæstaréttar 23. október 2006 var umsókn stefnanda um endurupptöku hafnað þegar af þeirri ástæðu að skilyrði 2. mgr. 169. gr. laga nr. 91/1991 væru ekki uppfyllt til að Hæstiréttur tæki hana til efnislegrar umfjöllunar að nýju.

Stefnandi sendi forseta Alþingis bréf 23. febrúar 2007. Þar segir að því sé beint til íslenska ríkisins að það hlutist til um að lögum um meðferð einkamála verði breytt í þá veru að það að endurupptökubeiðni hafi áður verið hafnað hamli ekki endurupptöku máls og rétti til aðgangs að óhlutdrægum og óvilhøllum dómstóli. Að mati stefnanda sé ljóst, verði ekki hlutast til um viðeigandi laga breytingar, að íslenska ríkið hafi þá synjað honum aðgangs að óhlutdrægum og óvilhøllum dómstóli og að honum sé þá nauðugur sá kostur að leita réttar síns eftir öðrum leiðum en beinast virðist þá liggja við að höfða skaðabótamál á hendur íslenska ríkinu. Í svarbréfi 5. mars 2007 kveðst forsetinn telja eðlilegast að dómsmálaráðherra og allsherjarnefnd meti hvort tilefni sé til að standa að þeirri lagabreytingu sem lögð sé til í bréfi stefnanda. Hann hafi því óskað eftir því við formann allsherjarnefndar að nefndin taki erindið til athugunar. Hins vegar sé ekki venja að forseti eigi frumkvæði að lagasetningu af þessu tagi í krafti síns embættis.

Í stefnu segir að með vísun til framanritaðs og þar sem frekari viðræður hafi ekki borið árangur, að teknu tilliti til fyrningarreglna og þess langa tíma sem liðið hafi frá uppkvaðningu dóms Mannréttindadómstólsins án þess að stefndi gerði neinn sérstakan reka að því að bregðast við honum, sé málshöfðun óhjákvæmileg.

Stefnandi kveður stefnda hafa brotið gegn þeim grundvallarréttindum sínum að fá notið réttlátrar málsmeðferðar fyrir óvilhöllum dómstóli við meðferð einkamáls hans gegn Landsbanka Íslands, sbr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 10. apríl 2003. Einnig hafi stefndi vanrækt, í kjölfar dóms Mannréttindadómstóls Evrópu, að bregðast við dóminum með því að heimila stefnanda endurupptöku málsins og tryggja um leið aðgang hans að óvilhöllum dómstóli. Með því hafi stefnandi m.a. brotið gegn 46. gr. sáttmálans, sem kveði á um að samningsaðilar heiti því að hlíta endanlegum dómum dómstólsins í þeim málum sem þeir eigi aðild að, og þeirri meginreglu réttarins að sérhver sá, sem sæti broti á mannréttindum sínum af hálfu hins opinbera, skuli eiga raunhæf úrræði að landsrétti til að leita réttar síns, sbr. einnig undirstöðurök 13. gr. mannréttindasáttmálans. Af hálfu stefnanda er á því byggt að vegna framangreindra brota beri stefnda að bæta stefnanda allt það fjárhagslega tjón sem raunhæft megi telja að af þeim hafi hlotist. Brot á ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu, þ.m.t. þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins, teljist að meginreglu saknæm af hálfu ríkisins en auk þess sé á því byggt að ríkið beri hlutlæga ábyrgð á slíkum brotum.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að í umræddu hæstaréttarmáli hafi atkvæði hins vanhæfa dómara haft úrslitabýðingu og hann hafi því verið sviptur raunhæfum kosti þess að tryggja fjárhagslegan rétt sinn, sbr. til hliðsjónar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Af þessu sé jafnframt ljóst að hefði stefndi heimilað endurupptöku málsins og um leið tryggt aðgang stefnanda að óvilhöllum dómstóli séu líkur til þess að hann hefði fengið stefnufjárhæð máls þessa ásamt dráttarvöxtum frá 30. ágúst 1993 dæmdar úr hendi Landsbankans. Vegna aðgerðarleysis stefnda að tryggja stefnanda réttláta og hlutlausa málsmeðferð og þar með mannréttindi hans beri stefndi allan halla af því hver niðurstaða endurupptekins máls hefði orðið. Verði skaðabótaréttur stefnanda talinn háður því að hann hafi orðið fyrir óyggjandi fjártjóni verði stefndi að bera allan halla af óvissu í því tilliti enda sé hún til komin vegna réttarbrots hans og aðgerðarleysis við að rétta hlut stefnanda.

Stefnandi byggir jafnframt á því að verði skaðabótaréttur hans, þrátt fyrir allt framangreint, talinn vera háður því að hann hafi orðið fyrir óyggjandi fjártjóni sem stefnanda beri að sanna, séu verulega miklar líkur fyrir því að fallist hefði verið á fjárkröfur hans við endurupptöku málsins. Á því er þannig byggt að niðurstaða meirihluta Hæstaréttar í máli nr. 210/1996 hafi verið lögfræðilega röng og að ráðgera verði, hefði málið verið endurupptekið, að niðurstaðan hefði orðið önnur og þá í samræmi við atkvæði þeirra dómara sem skipuðu minnihlutann í málinu.

Umkrafin fjárhæð er þannig fundin að miðað er við höfuðstól kröfu stefnanda á hendur Landsbanka Íslands í hæstaréttarmálinu hr. 210/1996, 8.746.319 krónur, en á hann reiknist dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. ágúst 1993, í samræmi við sératkvæði í málinu, til 1. júlí 2001, en samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 frá þeim degi til 10. apríl 2003 er dómur Mannréttindadómstóls Evrópu var kveðinn upp. Líta verði svo á að við uppkvaðningu dómsins hafi brot stefnda verið staðfest og honum hafi þá í síðasta lagi borið að rétta hlut stefnanda. Áfallnir dráttarvextir á tilgreindu tímabili nemi 33.754.504 krónum sem að viðbættri höfuðstólsfjárhæð nemi samtals stefnufjárhæð

málsins. Krafist er dráttarvaxta af þeirri kröfu á hendur stefnda frá 10. apríl 2003 þar sem stefnandi hafi gert ítarlega grein fyrir fjárkröfu sinni í erindi til Mannréttindadómstóls Evrópu 5. apríl 2002 og þeirri kröfu verið beint gegn stefnda.

Höfnun dóms á framangreindum málsástæðum stefnanda feli í sér þá niður stöðu að hann verði að hlíta því að hafa hvorki fengið aðgang að óvilhöllum dómstóli né að réttur hans vegna þessa hafi í neinu verið bættur. Yrði þetta niðurstaðan telur stefnandi sig eiga rétt á miskabótum úr hendi stefnda vegna þeirrar ólögmatu meingerðar sem slík niðurstaða fæli í sér, sbr. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Telur stefnandi hæfilegar miskabætur svara sömu fjárhæð og hann telji fjárhagslegt tjón sitt vera.

### 3

Af hálfu stefnda er byggt á því að með dómi Hæstaréttar Íslands frá 25. apríl 1997 í máli nr. 210/1996 hafi verið felldur dómur á bótakröfu stefnanda gegn Landsbanka Íslands og bankinn verið sýknaður en krafan hafi á engan hátt byggt á réttarsambandi við stefnda. Dómur Hæstaréttar sé endanlegur samkvæmt grundvallarreglum réttarfars og íslenskrar stjórnskipunar og engin heimild sé til endurskoðunar hans, á þann hátt sem krafist sé í málinu, í formi skaðabótakröfu gegn stefnda. Þessu til stuðnings vísar stefndi til V. kafla stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. og 1. gr. dómstólalaga nr. 15/1998 og lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 24. gr., 25. gr. og 116. gr., svo og meginreglna einkamálaréttarfars. Að virtum forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 210/1996, sem stefnandi hafi ekki reynt að hrekja nema á þeim grundvelli að einn dómenda hafi verið vanhæfur og að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 6. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu samkvæmt niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu, sé ósannað að niðurstaðan hefði orðið önnur en um það hljóti stefnandi að bera sönnunarbyrði.

Á því er einnig byggt af hálfu stefnda að hann hafi fullnægt skyldum sínum samkvæmt 46. gr. mannréttinasáttmálans, sem á hann hafi verið lagðar með dómsorði Mannréttindadómstólsins, og greitt stefnanda tildæmdar bætur. Þá stangist þær skorður, sem settar séu við endurupptöku dæmdra mála fyrir Hæstarétti, í engu á við sáttmálann og bótakrafa stefnanda fái ekki stoð í því að stefnda hafi borið að tryggja frekari leið til endurupptöku með lagabreytingu eða hlutast til um aðra dómsmeðferð í máli hans gegn Landsbanka Íslands.

Varakrafa stefnda er rökstudd með því að verði fallist á að stefndi beri bótaskyldu í málinu og leitt verði getum að annarri niðurstöðu Hæstaréttar sé engan vegin víst að kröfur stefnanda hefðu verið teknar til greina að öllu leyti eða að dráttarvextir hefðu verið ákvarðaðir eins og hann ráðgeri nú, auk þess sem telja verði þá áföllnu dráttarvexti fyrnda eftir ákvæðum 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Stefndi vísar til tómlætis stefnanda varðandi málskot hans til Mannréttindadómstólsins svo og höfðun þessa máls. Stefndi mótmælir einnig almennt dráttarvaxtakröfu stefnanda og vísar til heimildar dómara að færa til upphafstíma dráttarvaxta samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Auk greinds dóms Mannréttindadómstóls Evrópu er megingagn stefnanda endurrit dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 210/1996 en gögn þess liggja ekki frammi. Dómur Hæstaréttar felur í sér endanlega úrlausn þess ágreiningsefnis stefnanda og Landsbanka Íslands sem þar var til umfjöllunar. Samkvæmt réttarskipan landsins er það fráleitt á valdsviði héraðsdómara að kveða á um hvort dómur Hæstaréttar Íslands í tilteknu máli hafi verið réttur eða rangur.

Það er grundvallarregla í skaðabótarétti að sá, sem krefst skaðabóta, verður í fyrsta lagi að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni og umfang þess. Síðan þarf hann að sanna bótagrundvöll og orsakatengsl. Sá, sem krefst skaðabóta, ber sönnunarbyrði um ætlað tjón sitt og er ekki fallist á að í þessu máli séu rök til að víkja frá þeirri almennu grundvallarreglu.

Mannréttindadómstóll Evrópu mat einn af fimm dómurum framangreinds máls vanhæfan á grundvelli hlutlægra sjónarmiða. Að atkvæði hans undanskildu féllu atkvæði jafnt. Ógerlegt er að ætla á um það á hvern veg atkvæði dómara, sem komið hefði í stað þess sem með réttu hefði átt að víkja sæti, hefði fallið. Hefðu stjórnvöld lagt fram lagafrumvarp eða hlutast til um framlagningu þess, sem til þess væri fallið að greiða stefnanda leið að endurupptöku máls hans fyrir Hæstarétti, er alls óvíst hver afdrif þess hefðu orðið í meðförum handhafa löggjafarvalds. Hinu sama gegnir um niðurstöðu hugsanlegs, nýs dóms. Þegar af þeirri ástæðu að stefnandi hefur ekki sýnt fram á tjón sitt verður eigi fallist á kröfu hans um bætur vegna ætlaðs fjártjóns.

Af hálfu stefnanda er ekki sett fram ákveðin, sérgreind miskabótakrafa. Dómkrafa hans er sett fram á grundvelli útreiknaðs, fjárhagslegs tjóns. Á engan hátt er sýnt fram á að fullnægt sé áskilnaði 1. mgr. 26. skaðabótalaga um miskabætur og er kröfu stefnanda, að því er lýtur að þeirri málsástæðu, hafnað.

Samkvæmt framangreindu er niðurstaða málsins sú að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda. Ákveðið er að málskostnaður skuli falla niður.

Mál þetta dæmir Sigurður H. Stefánsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Péturs Þórs Sigurðssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Sigurður H. Stefánsson

